

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Sent með tölvupósti á: [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)  
Afrit: Reykjavíkurborg og Vegagerðin

Reykjavík, 10. maí 2022

## Umsögn Landverndar um frummatsskýrslu um breikkun Suðurlandsveggar frá Bæjarhálsi að Hólmsá

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreinda frummatsskýrslu. Um er að ræða mikið rask í grennd við mikilvæg útivistarsvæði og friðlýst svæði. Um er að ræða afar stórkallalega framkvæmd og því rík ástæða til að meta samfélagslega nauðsyn framkvæmda og hugsanlega valkosti sem ekki valda jafn miklum neikvæðum umhverfisáhrifum. Landvernd vísar til marg ítrekaðra athugasemdi við gerð samgönguáætlunar þar sem hvatt er til meiri áherslu á að styrkja almenningssamgöngur á milli höfuðborgarinnar og sveitarfélaganna fyrir austan fjall. Góðar og tíðar almenningssamgöngur geta komið í stað umfangsmikill og náttúruspillandi vegaf framkvæmda. Landvernd telur að áform um bætt göngu og hjólastíga séu til mikilla bóta en telur að áfangar 3, 4 og 5 sem kynntir eru til leiks séu með öllu ótímabærir, enda eru þeir ekki á samgönguáætlun.

### Almennar athugasemdir

#### *Áætlanir um aukin umferðapunga*

Stjórn Landverndar telur að áætlanir um verulega aukin umferðapunga á svæðinu séu ekki í samræmi við áætlanir Reykjavíkurborgar um að umferðapungi í borginni aukist ekki eða í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum á landi en hún gerir ráð fyrir 37% samdrætti í losun milli árána 2018 og 2030. 2030 verða nánast allir bensín- og díselbílar sem nýskráðir hafa verið frá 2018 enn á götunum 2030 og því verður umferðapungi að dragast saman eða standa í stað til þess að markmið um þennan mikla samdrátt náist. Því telur stjórn Landverndar ekki rétt að meta að svo stöddu áfanga um mislæg gatnamót (áfangar 3, 4 og 5) þar sem þörfin fyrir þá skapast ekki nema með mjög auknum umferðapunga.

Stjórn Landverndar hvetur vegagerðina og Reykjavíkurborg til þess að grípa til aðgerða til þess að draga frekar úr umferðapunga vegna neikvæðra áhrifa hans á lýðheilsu, náttúru og losun gróðurhúsalofttegunda. Einnig að meta hvernig má mæta vaxandi þörf fyrir samgöngur austur fyrir fjall með því að efla almenningssamgöngur.

#### *Almenningssamgöngur*

Fyrir það fé sem áfangar 3, 4 og 5 gætu kostað mætti bæta almenningssamgöngur til og frá höfuðborginni verulega og þar með draga úr umferðapunga og neikvæðum áhrifum hans.

Ekki er að sjá í frummatsskýrslu sem hér er til umfjöllunar sérstaka áherslu á greiðar almenningssamgöngur. Þetta er valkostur sem nauðsynlegt er að gera grein fyrir og meta og bera saman við samfélagslega ávinning af þeim stórkallalegu vegaf framkvæmdum sem lýst er í skýrslunni.

### *Helgunarsvæði*

Helgunarsvæði vegna mislægra gatnamóta er mjög stórt. Hönnun á þeim er skammt á veg komin eins og segir á bls. 42 í frummatsskýrslu. Til þess að hægt sé að meta áhrifin vel og vegna þess hve svæðið er stórt verður hönnunin og forsendur fyrir framkvæmdum að vera skýrar. Til dæmis er helgunarsvæði við Norðlingavað óþarflega stórt miðað við þá litlu umferð sem fer af Suðurlandsvegi.

Á bls. 54 í frummatsskýrslu segir að raðir myndist síðdegis á sunnudögum á sumrin við hringtorgið við Norðlingavað. Alls staðar í vegakerfinu má búast við tímabundinni seinkun í samgöngum. Það eitt getur ekki talist nægjanlegt til þess að réttlæta dýrar framkvæmdir með miklu raski. Stjórn Landverndar telur að þessi mislægu gatnamót séu óþörf á næstu áratugum og með aukinni áherslu á almenningssamgöngur og að draga úr umferðapunga verði þörfin fyrir þau aldrei að veruleika. Áfangar 3, 4 og 5 eiga því ekki heima í þessari frummatsskýrslu.

Þá má einnig spyrja hvort tvöföldun alla leið að Hólmsá sé nauðsynleg m.v. tölur um umferðapunga á bls. 66 í frummatsskýrslu. Mesti þunginn er að/um hringtorg við Rauðavatn og rétt að spyrja hvort endurbætur á því og tvöföldun frá Bæjarhálsi að hringtorginu nægi ekki á næstu árum.

Allt málið þarfnast því nánari skoðunar áður en teknar eru jafn afdrifaríkar og kostnaðarsamar ákvarðanir.

### **Sértækar athugasemdir**

#### *Fuglalíf og annað lífríki í Rauðavatni*

Stjórn Landverndar telur hættuspil fólgið í landfyllingu í Rauðavatn og mikið er til þess unnið að draga úr þeim áhrifum eins og kostur er. Þó stjórnin skilji sjónarmið um að raska ekki lífríki vatnsins tvisvar á stuttum tíma telur stjórn Landverndar að ekki sé ljóst að þörf verði á mislægum gatnamótum í stað hringtorgs við Rauðavatn, sérstaklega ekki eftir að hægri beygjur til og frá Breiðholtsbraut verða teknar út úr hringtorginu. Þá ítrekar stjórnin að spár um umferðapunga eru ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda eða Reykjavíkurborgar. Mun minni landfyllingar er því þörf á þessu stigi fyrir áfanga 1. og 2. Landvernd hvetur Skipulagsstofnun til að hafna mati á áföngum 3, 4 og 5 þar sem forsendur fyrir þeim eru veikar. Því vantar valkost þar sem landfylling í Rauðavatni er verulega minnkuð.

Þá telur stjórn Landverndar ekki að hægt sé að nýta rannsóknir frá 2006 og 2008 (bls. 99 og 101 í frummatsskýrslu) sem forsendur mats á umhverfisáhrifum svo mikillar breytingar eins og landfylling í Rauðavatni er.

Landvernd er til efs að mat um jákvæð áhrif á fuglalíf og vatnalíf með stórri landfyllingu séu raunhæf, eins og haldið er fram á bls 101 í frummatsskýrslu. Þeir fuglar sem búa og dvelja við vatnið gera það á þeim forsendum sem þar eru í dag. Landvernd telur því að áhrif landfyllingar á fuglalíf gætu orðið neikvæð. Hið minnsta vantar nýlegar rannsóknir til að skera úr um það. Þá er á bls. 7 í frummatsskýrslu talað um að markmið landfyllingarinnar sé að draga úr flökti vatnsyfirborðs Rauðavatns. Það er ekki markmiðið, heldur að búa til land undir umferðamannvirki. Minnkað flökt vatnsyfirborðsins gæti hins vegar orðið afleiðingin.

### *Jarðmyndanir*

Áhrif á jarðmyndanir verða neikvæð en ekki óveruleg eins og haldið er fram á bls. 6 í frummatsskýrslu. Aukin umferð, stærri umferðarmannvirki og rask sem þeim fylgir hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir. Ekki er hægt að deila í áhrifin með heildarstærð þeirra jarðmyndana sem um ræðir, það kemur málinu ekki við, eins og gert er á bls. 6 í frummatsskýrslu og á bls. 89

### *Verndarsvæði og útivistarsvæði*

Landvernd telur að sú lausn sem lögð er til við gatnamótin inn í Heiðmörk þar sem eingöngu verður um að ræða hægri inn og út beygjur og list er á bls. 47 og 57 í frummatsskýrslu vera skynsama, ef til þess kemur. Stjórn Landverndar vill beina því til Vegagerðarinnar að gæta vel að friðlýstu svæði við Rauðhóla og fara ekki inn á það í framkvæmdum sínum.

Þá telur Landvernd að Vegagerðin hafi gert vel í að skerða ekki Rauðavatnsskóg í áformum um breikkun Suðurlandsvegar. Um er að ræða mikið nýtt og fallett útivistarsvæði sem er íbúum borgarinnar dýrmætt. Rétt er að benda á að það er ekki nauðsynlegt fyrir vörubíla að leggja við bensínstöð Olís í Norðlingaholti og bílastæði fyrir þá er ekki forgangsatriði og mega því vel víkja. Þá er einnig nægjanlegt að hafa reiðstíg eingöngu norðan megin við skóginn eins og rætt er um á bls. 62 í frummatsskýrslu.

Á bls. 44 er því haldið fram að áhrif af mislægum gatnamótum verði jákvæð vegna stíga en ekki er tekið tillit til þess að sjónræn og upplifunaráhrif af stórum mislægum gatnamótum neikvæð á útivistarsvæðum við Rauðavatn og Rauðavatnsskóg.

Efst á bls. 48 er fjallað um vegamót við Hafravatnsveg en talað um hringtorg við Heiðmerkurveg. Líklega er þetta villa

### *Efnistaka*

Á bls 67 er talað um efnistöku úr Bolaöldunámu. Landvernd hefur um langt ára bil barist fyrir því að námunni yrði lokað þar sem hún spillir merku kennileiti við stærsta þéttbýli landsins og spillir útivistargildi Vífilsfells. Um er að ræða þjóðlendu sem forsætisráðuneytið fer með og hefur á þeim bæ einnig verið barist fyrir lokun námusvæðisins. Var svæðinu því lokað fyrir um tveimur árum síðan og hefur það undanfarið verið nýtt sem jarðvegstippur, með það í hug að lagfæra yfirbragð þess með því sem til fellur. Hér hlýtur því að vera um að ræða um alvarlega villu í skýrslunni.

### *Gróður*

Mikil áhrif verða á gróður. Mikilvægt að halda sig við að nota innlendar tegundir og fyrirbyggjandi gróður til að græða upp sár vegna vegagerðar

### Lokaorð

Um er að ræða afar stórkallalega framkvæmd og því rík ástæða til að meta samfélagslega nauðsyn framkvæmda og hugsanlega valkosti sem ekki valda jafn miklum neikvæðum umhverfisáhrifum. Meta þarf áhrif þess að styrkja almenningsamgöngur á milli höfuðborgarinnar og sveitarfélaganna fyrir austan fjall í samanburði. Góðar og tíðar almenningsamgöngur geta komið í stað umfangsmikilla og náttúruspillandi vegaf framkvæmda.

Að mati stjórnar Landverndar ber í öllu falli að bíða með að meta 3., 4. og 5. áfanga framkvæmdarinnar þar til forsendur um mjög aukin umferðapunga eru skýrari. Landvernd telur að hringtorg í 1. og 2. áfanga dugi vel til þess að mæta umferð um langa framtíð.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri